

19. gr.

Framleiðanda er óheimilt að ráðstafa fullvirðisrétti sínum fyrir verðlagsárið 1987—1988 til annars framleiðanda eða leggja afurðir inn í afurðastöð á annars nafni án samþykkis viðkomandi búnaðarsambands, sbr. 6. gr. Óheimilt er búnaðarsambandi að samþykkja slíka tilfærslu fullvirðisréttar, leiði hún til þess að fullvirðisréttur viðtakanda verði meiri en nemur búmarki hans til mjólkurframleiðslu.

Framleiðanda er óheimilt að selja eða leigja þann fullvirðisrétt til mjólkurframleiðslu sem hann hefur hlotið á grundvelli 14. gr. rg. nr. 339/1986 eða hlýtur skv. 14. gr. þessarar reglugerðar.

Við ábúendaskipti á lögbylum skal framleiðsla fráfarandi bónda og þess er við tekur teljast framleiðsla býlisins á viðkomandi verðlagsári. Reiknast hún skv. því búmarki og þeim fullvirðisrétti, sem viðkomandi lögbyli hefur og skiptist á milli þeirra í því hlutfalli sem notað hefur verið, þegar ábúendaskipti fara fram.

20. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 59. gr. laga nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 23. júní 1987.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um þingsætatalu kjördæma við kosningar til Alþingis.

Þingsætatala kjördæma samkvæmt a- og b- lið 1. málgr. 5. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, sbr. 6. gr. laga nr. 66 1. júní 1984 og 2. gr. laga nr. 2 5. mars 1987, skal vera sem hér segir við næstu almennar kosningar til Alþingis:

Reykjavíkurborgkjördæmi	18 þingsæti
Reykjaneskjördæmi	11 þingsæti
Vesturlandskjördæmi	5 þingsæti
Vestfirðakjördæmi	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi vestra	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi eystra	7 þingsæti
Austurlandskjördæmi	5 þingsæti
Suðurlandskjördæmi	6 þingsæti

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 2. málgr. 5. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. júní 1987.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.